



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Bjartahlíð 2023 –2024

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglíngar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat leikskólans 2022-2023	5
2.1 Innra mat Holt og Hlíð	5
2.2 Innra mat Furuhlíð	5
2.3 Innra mat Birkihlíð	9
2.4 Innra mat Reynihlíð	10
2.5 Innra mat Grenihlíð	11
2.6 Mat á samstarfi á milli leikskólans og Blindrafélagsins árið 2022-2023	12
2.7 Mat barna á verkefnum í listasmiðju	13
3 Ytra mat leikskólans 2022-2024	14
3.1 Viðhorfskönnun starfsmanna	14
3.2 Viðhorfskönnun foreldra	15
4 Umbótaáætlun 2023-2024	16
5 Innra mat sérkennslu	18
5.1 Innra mat – fjöltyngd börn	18
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	20
6.1 Námsferð Björtuhlíðar til Brighton 19. – 14. apríl 2023	21
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	23
8 Foreldrasamvinna	24
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	24
10 Fylgigögn	25
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	25



Leiðarljós leikskólans

Í Björtuhlíð er lögð áhersla á að skapa lýðræðislegt og hvetjandi skólasamfélag. Leikskólinn er vettvangur þar sem nýttar eru fjölbreyttar leiðir til að efla alhliða þroska einstaklingsins í leik og starfi. Starfsfólk leikskólans hefur valið sér þrjú gildi sem leikskólinn stendur fyrir, þau eru:

Gleði, samvinna, jákvæðni.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2022-2023 var með frekar hefðbundnum hætti. Aðlögun barna gekk vel. Á yngri deilum lauk henni ekki fyrr en í október, þar sem innrituð voru mjög ung börn sem urðu ekki eins árs fyrr en í október. Barnahópurinn var umtalsvert yngri en áður.

Um miðjan september og fram í október reyndist erfitt að manna leikskólann, aðalega seinnipart dags. Þá var gerð áætlun vegna manneklu, sem stóð yfir rúmar þrjár vikur. Áætlunin fólst í því að á hverjum degi fór ein deild heim kl. 14:00. Í október var full mannað, þrátt fyrir það, þegar mikil veikindi voru á starfsfólki, þá var eina lausnin, að senda börn heim. Vinnu stytting starfsfólks orsakar það að í lok dags erum við í viðkvæmri stöðu þegar mikil veikindi eru.

Það er alltaf fengur fyrir leikskólann að vera með kennaranema. Á skólaárinu voru tveir í leikskólakennaranáminu og annar þeirra lýkur námi í júní 2023. Einn starfsmaður lauk leikskólaliðanámi og annar er í náminu.

Þetta árið var þróunarverkefni okkar „Sköpun í skólastarfi“ Lögð var áhersla á að gera umhverfi barnanna hvetjandi til sköpunar. Kristín Hildur Ólafsdóttir var með fyrirlestur á skipulagsdegi í nóvember, þar sem hún fjallaði um umhverfið sem þriðja kennarann. Einnig fjallaði hún um opinn efnivið og virkni barnanna.

Strax í upphafi skólaárs var ákveðið að fara í námsferð erlendis, vor 2023. Þátttaka var einstaklega góð, 29 manns fóru til Brighton. Ferðin sjálf og undirbúningur hennar jók samhaldni og starfsgleði.

Valin voru námskeið sem tengdust áherslum leikskólans „Sköpun í skólastarfi“. Almenn ánægja var með námskeiðin og allt skipulag.

Þeir sjö starfsmenna sem ekki fóru í ferðina fóru námskeið og í skólaheimsóknir í Reykjavík.



Kosið var í foreldraráð í október, þá var einnig endurvakið foreldrafélag skólans sem ekki hafði starfað í Covid.

Foreldrasamstarf gekk vel, foreldrum eldri barna var boðið upp á viðtal að hausti, allar deildir höfðu skipulögð foreldraviðtöl í mars.

Verkefnið BBB sem er skammstöfun á verkefninu betri borg fyrir börn, varð til vegna nýrra laga um farsæld barna. Markmið þessara breytinga er að þjónustan sé nær þjónustuþegum. Miklar breytingar eru á skipulagi er varða sérstaka þjónustu við börn og fjölskyldur.

Nú sækir leikskólinn sérfræði þjónustu til þjónustumiðstöðvar Vesturmiðstöð. Bjartahlíð er með tengilið við Vesturmiðstöð. Okkar tengiliður er Jóhanna Ögmundsdóttir sem einnig er sérkennslustjóri leikskólans. Stofnað hefur verið lausnarteymi í leikskólanum sem samanstendur af sérkennslustjóra, leikskólastjóra og deildarstjóra.

Á næsta skólaári tökum við fyrir Heilbrigði og velferð í innleiðingu Menntastefnu. Ég er ekki í vafa um að faglegur og sterkur starfamannahópur í Björtuhlíð mun innleiða það verkefni af áhuga og á fjölbreyttan hátt.

Þessi greinagerða er sú síðasta sem ég set í starfsáætlun Björtuhlíðar, því ég mun ljúka starfi sem leikskólastjóri 1. september n.k. Ég þakklát fyrir að hafa gegnt þessu starfi í rúm 17 ár og óska öllum börnum, foreldrum og starfsfólki velgengni á komandi árum.

Arndís Bjarnadóttir.



2 Innra mat leikskólans 2022-2023

2.1 Innra mat Holt og Hlíð

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skapandi starf	Áhersla á ferlið frekar en útkomuna	Efniviður: litir og hljóðfæri, staðsett þar sem börn geta náð í þau. Börnin geta valið efnivið úr listasmiðju.	Deildastjórar og starfsfólk deilda.	Haust 2022	Vor 2023	Nú velja börnin sjálf skapandi efnivið.	Aukin árangur barna á skapandi efnivið.

Verkefnið gekk vel. Við höfum alltaf lagt meiri áherslu á ferlið en útkomuna en skerptum betur á því. Settum liti og hljóðfæri þar sem börnin ná til, t. d. efnivið sem áður var í lokuðum skáp. Börnin hafa meira beðið um að lita og spila á hljóðfærin í vetur en áður. Leyfðum þeim meira að velja sér efnivið úr hillum í listasmiðju. Börnin hafa verið mjög skapandi og komið með eigin hugmyndir mun meira en áður. Starfsfólkið hefur gefið börnunum meira val um efnivið og er opnara fyrir hugmyndum barnanna.

2.2 Innra mat Furuhlíð

UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Lokið	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Að börn séu virkir þátttakendur í skapandi starfi.	Að börnin taki virkari þátt í öllu skapandi starfi en áður.	Börnin koma sjálf með hugmyndir um hvað þau vilja	Deildarstjóri sem og allt starfsfólk deildarinnar.	Sept. '22	Apríl '23	Deildarstjóri fer yfir veturinn og metur hvernig hefur gengið.	Gekk nokkuð vel.



		gera og skapa, hafa greiðari aðgang að efnivið til sköpunar, starfsfólk hvetur börnin til skapandi hugsunar.					
Að börn hafi fjölbreytt val um skapandi efnivið.	Auka fjölbreytni í efnivið.	T.d. að bjóða upp á mismunand i efni til að mála og fönndra með (málning, matarlitur, sandur, salt, penslar, svampar, bílar), ólíkan pappír og undirlag (pappi, blúndur, steinar...). Reynum að fara útfyrir rammann.	Deildarstjór i sem og allt starfsfólk deildarinnar.	Sept. '22	Apríl '23	Deildarstjóri fer yfir veturinn og metur hvernig hefur gengið.	Gekk vel. Reynum alltaf að vera vakandi að nýta okkur óhefðbundinn efnivið og aðferðir.
Að sköpunarferlið sé ekki síður mikilvægt en útkoman.	Að vekja starfsfólk til umhugsunar um að ferlið skipti mestu máli og að útkoman	Vinna hópverkefni þar sem markmiðið er ekki að eitt barn fái eitt listaverk til að taka	Deildarstjór i sem og allt starfsfólk deildarinnar.	Sept. '22	Apríl '23	Deildarstjóri fer yfir veturinn og metur hvernig hefur gengið.	Gekk nokkuð vel. Sumt starfsfólk enn fast í því að búa til „föndur“, sérstaklega fyrir jól og páska. Tekur



	eða lokaverkið sé aukaatriði.	með heim. Styðjast ekki við skaplón eða fyrirmyndir af netinu t.d.					tíma að breyta viðhorfi fólks.
Að börn hafi áhrif á eigið nám.	Hlusta á raddir barnanna, hvað þau vilja gera og skapa og hvenær.	Hlusta betur á börnin, skrá niður óskir þeirra og hugmyndir, vera sveigjanlegur með skipulag, grípa tækifæri þegar áhugi barnanna vaknar á sköpun.	Deildarstjóri í sem og allt starfsfólk deildarinnar.	Sept. '22	Apríl '23	Deildarstjóri fer yfir veturinn og metur hvernig hefur gengið.	Hefði mátt ganga betur. Margt gott gert en starfið verður því miður of oft starfsmannastýrt þegar of mörg börn eru á hvern starfsmann.
Að umhverfi og aðstæður í leikskólanum sé áhugahvetjandi og ýti undir sköpun.	Að deildin sé falleg og kósý og þar sé notalegt andrúmsloft sem börnunum líður vel í. Flæði og sköpun á sér betri farveg í góðu umhverfi.	Höfum sett upp blúndutjöld í rými, lampa, litríka púða, listaverk barnanna upp á vegg. Efni til listsköpunar flest aðgengilegt börnum hvenær sem er. Myndir á veggjum	Deildarstjóri í sem og allt starfsfólk deildarinnar.	Sept. '22	Apríl '23	Deildarstjóri fer yfir veturinn og metur hvernig hefur gengið.	Gekk vel. Deildin er mun meira aðlaðandi og fallegri en hún var en alltaf má bæta hana. Okkur langar að gera enn betur og finna tíma til að endurbæta deildina og hafa t.d. meira af opnum efnivið í boði.



		tengt þema sem unnir er með, t.d. fallegar haustmyndir.					
--	--	---	--	--	--	--	--

Hvernig gekk að vinna skapandi starf með börnunum þetta skólaár?

Það gekk ágætlega. Starfsfólk (nýtt starfsfólk á deildinni) hafði meiri áhuga á skapandi starfi en oft áður og tók virkari þátt í að hvetja börn áfram í sköpun og koma með hugmyndir að skapandi verkefnum. Við reyndum að gefa okkur góðan tíma fyrir skapandi starf og var það yfirleitt þegar við gátum skipt barnahópnum í tvennt eða minni hópa (hluti barnanna úti að leika, minna áreiti og meiri gæðastundir í sköpun). Oft var mannekla eða afleysingarstarfsfólk á deild og fann maður hvað það gat haft truflandi áhrif á sköpun og flæði, þá snýst allt um að láta daginn ganga upp og ekki hægt að sökkva sér í verkefni sem taka tíma og mannskap.

Hverju höfum við breytt?

Ég tel að við séum duglegri að hlusta á hvað krakkarnir vilja gera og nýtum okkur áhuga þeirra á ákveðnu efni eða þema til að vinna út frá. Við reynum eins og við getum að leyfa börnum að mála, leira, kubba og fl. sem talist getur sem sköpun þegar þau vilja og biðja um það. Hef bent starfsfólki á að gera ekki fyrir börnin þegar þau biðja um það, t.d. þegar þau biðja okkur um að teikna eitthvað eða móta leir á ákveðinn hátt. Hvetjum börnin til að gera sjálf.

Hvað erum við ánægð með?

Börnin vinna nokkuð oft að sameiginlegum verkefnum, t.d. mála saman á stórt blað. Þar æfa þau samvinnu og samskipti. Við reynum að haga því þannig að ferlið en ekki framleiðslan eða lokaverkið sé mikilvægast. Sumt starfsfólk er ekki alltaf sammála þessu og finnst kannski útkoman ekki alltaf nógu fín eða skrautleg (t.d. fyrir jólas kraut). Deildarstjóri hefur þó staðið fast á sínu að hafa ekki fjöldaframleidd skapalónsverkefni í boði og hefur það gengið vel.

Við höfum reynt að vera dugleg að hafa opinn efnivið í boði að leika með, t.d. köngla, hrísgrjón, bómull, pappamál, rör og margt fleira. Oft kemur mjög skemmtilegur leikur út úr þessu.

Við erum byrjuð með sögugerð með krökkunum, þá í tengslum við *Lubbi finnur málbein* og máhljóð vikunnar. Börnin, í 4 manna hópum, semja sögur eftir að hafa farið yfir máhljóð vikunnar. Stundum tengist sagan Lubba en oftast spinna þau eitthvað sem tengist þeirra lífi og upplifunum. Börnunum finnst mörgum mjög gaman í sögugerð og að skapa eitthvað sem við getum lesið upp fyrir þau og mamma og pabbi geta líka skoðað.

Framkvæmd jólagjafa og öskudagsbúninga



Jólagjöfin gekk ágætlega. Börnin voru nokkuð áhugasöm. Jólagjafir voru búnar til niðri í listasmiðju. Þetta var fyrsta skipti flestallra barnanna þarna niðri og mörg voru nokkuð smeyk og ólík sjálfum sér á meðan þau bjuggu til gjöfina. Þau sögðu mörg fátt á meðan á ferlinu stóð og báru skráningar þess merki. Fyrir næstu jól er mikilvægt að börnin verði búnin að kynnast listasmiðju vel áður en farið er í álíka verkefni.

Öskudagsbúningar gengu betur enda börnin þá búnin að kynnast listasmiðju. Þau bjuggu öll til öskudagskórónu. Það hefði verið gaman ef börnin hefðu getað lagt meiri vinnu í búningana. Furuhlíð var síðasta deildin af öllum að gera búninga og höfðum við knappan tíma til þess þar sem aðrar deildir voru lengur með sína búninga en áætlað var. Næsta ár væri betra að byrja á öllu ferlinu fyrr eða gera búningana inni á deild. Það þarf líka að passa að starfsmenn sem aðstoða börnin í ferlinu geri ítarlegri skráningu fyrir hvert og eitt barn.

2.3 Innra mat Birkihlíð

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skapandi starf	Áhersla á ferlið. Aukið tækifæri barnanna til að nýta hugmyndir sínar til sköpunar	Kallað eftir hugmyndum barnanna og þær nýttar. Sköpuð skilyrði til að framkvæma.	Deildastjóri og starfafólk deildar	Haust 2022	Vor 2023	Metið af starfsfólki deilda.	Aukið sjálfstæði og ánægja barna. Fjölbreyttari efniviður til sköpunar.

Hvað var gert:

Við gáfum börnum fleiri tækifæri til að tjá sig.

Við hlustum meira á hugmyndir barna og reynum við að skapa skilyrði fyrir útfærslu hugmynda.

Kennarar voru hvattir til að lýsa teikningum barnanna af því sem er á myndinni.

Við skráðum ítarlega ferlið við að búa til jólagjafir. Skráningar á ferlinu fór í möppu barnsins.

Við skrifuðum Lubba sögur, þar sem börnin notuðu orð sem byrja t.d. á „F/f“ (þegar Lubbi fann „F/f“)

Þegar viðburðir voru, þá máluðu börnin andlit sín sjálf.

Börnin fengu aukið frelsi í efnisvali til sköpunar.

Á Birkihlíð bjuggu börnin til jólagjafir handa mömmu og pabba. Þau komu með jólagjafahugmyndir. Þá voru: jólaskartgripir, jólarisaeðlur, jólabílar (steypibíll, gröfubíll), jólablóm, jólabækur (sögur, sem krakkar voru að



teikna sjálf og sögðu frá því sem er á myndinni), jólastjarna, jólaköttur, jólamyndir, jólatré, jólabrúður. Kennari hjálpaði þeim að klára verkefnið. Öllu sköpunarferlinu var lýst ítarlega, síðan sett í möppu barnsins

Börnin teiknuðu fyrst hugmynd sína að öskudagsbúningi og svo bjuggu þau til búninga með aðstoð kennarans. Þegar öskudagur var, þá máluðu börn andlit sín sjálf.

2.4 Innra mat Reynihlíð

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skapandi starf í Reynihlíð	Aukið val í tónlist, myndlist, og notkun á tungumálinu. Öll ferli mikilvægari en útkoman	Skipulagðrar tónlista stundir, val barna á lögum. Aukinn efniviður til sköpunar á deild og listasmiðju. Skapandi málnotkun með Lubba og málbeinið	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar	Haust 2022	Vor 2023	Þátttökuathugun	Gekk ágætlega

Tónlist : Sungið saman flesta daga og einn dag í viku skipulagðari tónlistarstundir. Sungið saman með Grenihlíð aðra hverja viku.

Í samverustundum var söngstjóri, þar sem börnin fengu sjálf að velja lög.

Að vera söngstjóri er spennandi hlutverk og gaman þegar það hefur smitast í leik sem þau stjórna sjálf en þá fá þau stundum lánaða körfu með lögum og halda eigin söngstund með vinum.

Boðið var upp á leik og dansa undir tónlist. Aukin áhersla var á að tónlistin hæfði aldri barnannat að þau gætu sungið með.

Myndlist Börnin sóttu þau meira í myndlist eftir því sem leið á veturinn, þá varð meiri áhugi á sjálfsprottinni myndlist. Umhverfið var gert aðgengilegt og hvetjandi. Börnin höfðu frjálsan aðgang að efniviði.

Jólagjafir Börnin bjuggu til jólagjafir handa foreldum sína. Undirbúningur fólst í því að börnin völdu úr nokkrum hugmyndum og útfærðu að vild. Jólagjöfunum fylgdu skráningar af ferlinu, skráningin fóru í möppu barnsins.



Öskudagsbúningar Börnin ákváðu og teiknuðu sína hugmynd af búningi. Hugmyndin var útfærð með aðstoð kennara. Teknar voru myndir af ferlinu og skráningar gerðar sem settar voru í möppu barnsins.

Tungumálið Unnið var með kennsluefnið **Lubba og málbeinið** í hverri viku. Farið var yfir eitt máhljóð í hverri viku til að efla hljóðkerfisvitund barnanna. Börnin stungu upp á nokkrum orðum með máhljóði vikunnar og svö kusu þau orð vikunnar. Síðan var leikið með orðin og búnar til sögur. Börnin tóku virkan þátt í verkefninu og stundum tók myndlistin mið af orðunum.

Verkefnið hefur vakið kennara til aukinnar vitundar um að börnin séu virkir þátttakendur í sköpuninni og að ferlið sé mikilvægara en útkoman.

Við höfum gætt þess að börnin hafi fjölbreytt val um efnivið og góðan aðgang að honum, einnig búið til aðstæður og umhverfi sem að ýtir undir sköpun.

2.5 Innra mat Grenihlið

UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sköpun	Börnin séu virkir þátttakendur í skapandi starfi. Börnin hafa fjölbreytt val um skapandi efnivið. Sköpunarferlið sé mikilvægara en útkoman. Börnin hafi áhrif á eigið nám. Umhverfi og aðstæður í leikskólanum sé áhugavekjan.	Vorum með morgunfundi á hverjum morgni, þar fengu börnin að tjá sig. Börnin fá sjálf að velja efnivið í listsköpun. Þau sem vildu fá einnig að fara í efnisveitu og velja efniviðinn þar til þess að nota inn á deildinni í frjálssa leiknum á listaborðinu. Börnin fá ávallt sjálf að velja	Allir starfsmenn deildarinnar	Haust 2022	Vor 2023	Þátttökuathugun	Okkur fannst ganga mjög vel, við starfsmennirnir orðnir meðvitaðri og fleiri börn hafa öðlast meiri frumkvæði.



	di og ýti undir sköpun.	leikfnið og leikfélaga. Við bjóðum upp á opinn efnivið, t.d segulkubba, holukubba og verðlausan efnivið eins og steina og köngla. Í frjálsa leiknum er alltaf í boði lím, blöð, litir, límbönd, skæri og málning svo eitthvað sé nefnt. Börnin fá að velja jólagjafir sjálf handa foreldrum og hanna og búa til sjálf öskudagsbúninga.					
--	-------------------------	--	--	--	--	--	--

2.6 Mat á samstarfi á milli leikskólans og Blindrafélagsins árið 2022-2023

Samstarfið á milli leikskólans og Blindrafélagið gekk mjög vel. Á síðastliðnum árum hefur skapast hefð fyrir því að elstu börn leikskólans mæti í desember og syngi jólalög með skjólstæðingum Blindrafélagsins. Ákveðið var að auka samstarfið á þessu skólaári þar sem tveir foreldrar úr leikskólanum eru lögblindir og áttu þau hugmynd af þessu samstarfi. Með samstarfinu vildum við einnig kynna börnunum betur nærumhverfi þeirra. Daginn sem börnin komu og sungu jólalög var þeim boðið að skoða húsið. Þeim var skipt í fjóra hópa og fóru milli fjögurra stöðva. Þar fengu börnin til dæmis að skoða og leika með dót sem blindir leika með, prufuðu sýndargleraugu og punktaletur. Í lok heimsóknarinnar fengu börnin safu, smákökur og mandarínur að borða. Fyrir á árinu höfðu þrjú einstaklingar frá Blindrafélaginu komið með blindrastafi og tvo leiðsagnahunda í heimsókn á tvær elstu deildarnar leikskólans. Þar kynntu þau leiðsagnahundana fyrir börnunum og kenndu þeim hvernig á að umgangast þá. Börnin fengu jafnframt kynningu á blindrastöfunum og fengu þau öll að prufa.



Starfsfólk í Grenihlíð telur að aukið samstarf hafi gefið börnunum mikið. Þau fengu að skyggnast inn í líf blindra og lærðu ýmislegt sem tengjast þeirra daglegum athöfnum. Þar sem Blindraheimilið er staðsett mjög nálægt leikskólanum ásamt heimilum barnanna teljum við mikilvægt að þau fái að kynnst örlítið starfinu, fá að skoða heimilið og kynnst ýmsu sem tengjast því að vera blindur. Við teljum að það sé mikilvægt fyrir börnin að þekkja það sem er í þeirra nánasta umhverfi og þar er Blindrafélagið/heimilið engin undantekning.

2.7 Mat barna á verkefnum í listasmiðju

Öskudagsbúningar

1. Hvernig fannst þér að búa til þinn eigin öskudagsbúning sjálf/sjálfur?
2. Hvað finnst þér þú hafa lært við að búa til þinn öskudagsbúning?
3. Myndir þú vilja hafa eitthvað öðruvísi þegar þú ert að gera öskubúninginn þinn?
4. Hver er þín upplifun að vera í búningnum á öskudaginn sem þú gerðir alveg sjálf/sjálfur? / Hvernig fannst þér að vera í búningnum á öskudaginn sem þú gerðir alveg sjálf/sjálfur?

Drengur, 6. ára

1. Gaman, bara finnst það gaman
2. Ég man það ekki, svo langt síðan.
3. Já gera Spiderman, fannst allt samt gaman.
4. Gaman

Stúlka, 5. ára

1. Gaman
2. Já, ég gerði hornið með kaffibolla, (nafn starfsmanns) kenndi mér það. Svo rúllaði ég pappír, dagblað.
3. Já, vil vera hundur, mér fannst allt mjög gaman.
4. Gaman, út af þá gátum við leikið í dýraleik.

Stúlka, 6. ára

1. Gaman, mér finnst gaman að gera búning.
2. Já, að búa til búninginn.
3. Já, ég vil vera ís, mér finnst þetta bara allt skemmtilegt.
4. Gaman

Drengur, 6. ára

1. Smá skemmtilegt, það er langt síðan.
2. Nei
3. Já, á öskudögum í Hlíðaskóla þá tekur maður sinn eigin búning sem maður býr ekki til, ég vil hafa það þannig.
4. Smá skemmtilegt, andlitið var ekki alveg litað, það gleymdist að þrifa andlitsmálninguna hérna (og bendir á ennið).



Jólagjafir

1. Hvernig fannst þér að fara niður í Listasmiðju og búa til jólagjöf handa mömmu og pabba?
2. Hvað fannst þér skemmtilegt við það að búa til jólagjöfina?
3. Myndir þú vilja hafa skipulagið eitthvað öðruvísi þegar þú gerir jólagjöf handa mömmu og pabba?
4. Myndir þú vilja búa til eitthvað öðruvísi handa mömmu og pabba í jólagjöf?

Drengur, 6. ára

1. Mjög gaman, mér finnst svo gaman að teikna.
2. Bara allt
3. Nei
4. Ég get líka gefið pabba bíómiða, af því hann hefur ekki komið oft í bíó með mér. Myndi kaupa hann og peningarnir eru í bauknum.

Drengur, 6. ára

1. Gaman
2. Að búa til jólagjöfina sjálfur
3. Já, bara eitthvað.
4. Já, eldgos, svartan og appelsínugulan lit. Búa líka til ÍBV merki, eða frekar KR merkið.

Stúlka, 5. ára

1. Gaman, út af því bara. Mér finnst (nafn starfsmanns) svo góður.
2. Mála, líka að skreyta.
3. Nei
4. Afmælistórónu

Stúlka, 5. ára

1. Skemmtilegt
2. Föndra á jólagjafirnar
3. Bara eins
4. Leyndarmál, fjölskylduleyndarmál.

3 Ytra mat leikskólans 2022-2024

3.1 Viðhorfskönnun starfsmanna.

Í nóvember gerði Gallup viðhorfskönnun starfsmanna Stofnun ársins. Bjartahlíð var með 38% svarhlutfall. Niðurstöður könnunar eru tæplega marktækar vegna þess hve fáir tóku þátt. Niðurstöður aðrar en vinnuskilyrði og launakjör komu frekar á óvart.

Niðurstöður mælinga á bilinu frá 0- 5. Heildarmat fyrir Björtuhlíð var 3,88 örlítill lækkun frá síðustu könnun.

Stjórnun 4,24



Starfsandi 3,98

Launakjör 2,47

Vinnuskilyrði 3,01

Sveigjanleiki í vinnu 3,95

Sjálfstæði í starfi 4,15

Ímynd stofnunar 4,15

Ánægja og stolt 4,20

Jafnrétti 4,34

Það er áskorun fyrir stjórnendateymi í Björtuhlíð að rýna í niðurstöður sem mælast undir 4.0 og gera umbætur á þeim liðum sem þeir geta haft áhrif á. Þar liggja tækifæri til að bæta viðhorf starfsmanna til þessara þátta.

3.2 Viðhorfskönnun foreldra

Viðhorfskönnun foreldra var gerð af Skóla-og frístunasviði í maí 2023. Könnunin var rafræn og á pólsku ensku og íslensku. Fyrir niðurstöður hvers þáttar var reiknuð þáttaeinkunn á bilinu 1 -5.

Ein könnun fyrir hvert barn, fyrst var sent á annað foreldrið og ef það svaraði ekki var sent á næsta foreldri. Foreldrar fengu þó aðeins könnun vegna eins barns, þannig að ef um var að ræða systkini fengu foreldrar eina könnun. Svörunin voru reiknuð út frá útsendum könnunum

Svarhlutfall var 79,2 %

Hér eru helstu niðurstöður:

Heildaránægja með leikskólann hefur aukist og er nú talsvert yfir meðaltal allra leikskóla Skóla-og frístundasviðs

Svörun: Barninu líður vel í leikskólanum er umtalsvert hærra en í síðustu könnun.

Svörun: Ánægja með samskipti og viðmót hefur hækkað verulega, einnig upplýsingaflæði til foreldra.

Svörun: Fleiri foreldra telja sig geta mælt með leikskólanum við aðra.

Svörun: Fleiri foreldrar telja að leikskólinn leggi áherslu á sjálfstraust barnsins og að barnið taki stöðugum framförum.

Svörun: Fleiri telja að leikskólanum sé vel stjórnað.

Verkefni leikskólans til framtíðar er að fá foreldra til að taka meira þátt í leikskólastarfinu með því að koma með hugmyndi, t. d. vera þáttakandi í mati á framförum barnsins. Einnig að kynna foreldrum betur stefnu og áherslur leikskólans.



4 Umbótaáætlun 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldis- og menntastarf							
Samskiptaskráningar	Að auka samskipti starfsmanna við börnin og skapa þannig námstæki færi fyrir alla.	Allir starfsmenn á deildum fylla út samskiptahring og meta samskipti sín við börnin á deildinni.	Deildastjórar bera ábyrgð og allt starfsfólk á deildum tekur þátt.	Haut 2023	Vor 2024	Á deildarfundum verður mat þar sem farið verður yfir niðurstöður starfsmanna og úrbætur og árangur metinn.	Skráningar starfsmanna í samskiptahringinn gefa okkur vísbendingar um hvort árangur hafi náðst. Markmiðið er að öll börn á deildinni eigi í gæðasamskiptum við starfsmenn.
Heilsuefling	Alhliða líkamleg og andleg heilsuefling í leikskólanum	Vekjum áhuga barna á sem flestu sem tengist heilsu. Nýtum Bambahús og ræktum eigið	Stjórnendur og deildarstjórar bera ábyrgð á að unnið sé að verkefnum yfir veturinn.	Haut 2023	Vor 2024	Á deildarfundum verður mat þar sem starfsfólk fyllir út Spurningalista.	Á deildafundum og deildastjórafundum verða spurningalistar skoðaðir og rýnt í hvernig til hefur tekist



		<p>grænmeti. Tökum þátt í tannverndar viku og hvetjum börn foreldra og starfsfólk að ganga í skólann.</p>			<p>og hvort árangur hafi orðið.</p>
--	--	---	--	--	-------------------------------------



5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Menntun án aðgreiningar er höfð í huga við allar ákvarðanir sem teknar eru. Sérkennsla fer fyrst og fremst fram í daglegu starfi bæði inni og úti. Sum börn fara í einstaklingsþjálfun þegar þörf er á því. Í einstaklingsþjálfun er notast við skráningarblöð frá ráðgjafar- og greiningarstöð, sumir starfsmenn hafa sín eigin skráningarblöð/bók</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Notast er við TRAS, AEPS, Hljóm-2, Orðaskil og Íslenska þroskalistann.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>PECS, efni frá Fjölbreyttri kennslu, Tölum saman, stokkar frá Super duper svo eitthvað sé nefnt. Notum einnig mikið efni sem starfsfólk býr til sjálf út frá skipulagðri kennslu (TEEACH)</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráning	Samræma skráningu	Allir sem sinna sérkennslu noti sömu skráningarblöð	sérkennslustjóri	Ágúst / sept 2023	Mái 2024	Á samráðsfundum sérkennslunnar	skoða skráningar

5.1 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt?	Í vetur vorum við með málörvunarhópa á fjórum elstu deildunum 1-2 á viku.



Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Les- og samverustundir eru nýttar til að dýpka orðaforða barna á öllum deildum. Oft nýtist frjálsi leikurinn og aðrar stundir dagsins til að dýpka orðaforða.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Höfum notast við hæfnisramma en ekki markvisst. Einnig höfum við notað TRAS. Einstaklingsnámskrár hafa verið gerðar fyrir flest fjöltyngd börn.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Almennt er hugað að öllum þáttum máls en sumar deildir eru lengra komnar en aðrar. Íslenskukunnátta starfsmanna hefur mikil áhrif á mat á þessum þáttum.

5.2 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hæfnisrammar	Nota hæfnisramma markvisst	Ræða á deildastjórafundum um að hver deildarstjóri beri ábyrgð á að hæfnisrammar séu fylltir út fyrir öll fjöltyngd börn	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Ágúst / sept 2023	Máí 2024	Meta reglulega á deildarstjórafundum	



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Á skólaárinu nýttust allir sex skipulagsdagar mjög vel í skipulagningu og endurmenntun starfsfólks.

Á skipulagsdegi 30. september hélt Herdís Storgaard slysavarna og skyndihjálparnámskeið fyrir starfsmannahópinn.

Á skipulagsdegi 18. nóvember kom Kristín Hildur Ólafsdóttir og talaði um „ Skapandi umhverfi og umhverfi sem áskorun“. Inga Aronsdóttir hegðunar ráðgjafi í Vesturmiðstöð fræddi okkur um ADHD.

Á skipulagsdegi 2.janúar kynntum við okkur myndbönd frá leikskólaráðstefnu SFS sem haldin var í september 2022.

Skipulagsdögum 19. og 21. apríl eyddum við í Brighton í Englandi þar sem við fengum að kynnst útikennslu í skógi. Við fengum heilan dag fræðslu um verkefn í leikskóla sem starfaði eftir hugmyndafræði Reggio Emilia. Við fengum leiðsögn um hvað aðferðir við getum notað til að segja börnum sögur. (Sjá kafla um námsferð til Brighton)

Á skipulagsdegi 10. maí kom Halla Ruth Halldórsdóttir sálfræðingur í Vesturmiðstöð og fræddi okkur um kvíða barna og hvernig við getum hjálpað þeim sem glíma við kvíða.

Fjórir deildastjórar eldri deilda fóru á réttindanámskeið í TRAS hjá Menntamálastofnun. Á vef Menntamálastofnunar segir: „TRAS (Tíðlig registrering af sprákuþvikling), er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga“.

Fyrirhugað er að nýta TRAS á nýju skólaári í Björtuhlíð.

Í desember fengum við Gyðu Guðmundsdóttur fagstjóra í Vesturmiðstöð á deildastjórafund þar sem hún ræddi hlutverk deildastjóra. Stefnt hefur verið að því að deildastjórar sem eru stjórnendateymi leikskólans vinni á jafningjagrunni og efla þannig lærdómssamfélag í Björtuhlíð.

Í haust voru gerðar breytingar í sérkennslu með tilliti til nýrrar laga um farsæld barna.

Sérkennslustjóri er tengiliður og leikskólastjóri og sérkennarar eru lausnarteymi leikskólans.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri sóttu tvo fundi þar sem viðfangsefnið var innleiðing farsældarlaga með áherslu á verkefnið BBB, Betri borg fyrir börn.

Starfmannasamtöl stóðu yfir frá janúar 2023 til júní 2023.



6.1 Námsferð Björtuhlíðar til Brighton 19. – 14. apríl 2023

Um haustið 2022 fór fór að stað vinna við að skipuleggja námsferð fyrir starfsfólk Björtuhlíðar. Við höfðum heyrt vel látið af námsferðum leikskóla til Brighton sem skipulagðar eru af Kristínu Wallis. Eftir að hafa sett okkur í samband við hana og fengið að vita hvaða námskeið voru í boði var ákveðið að slá til og fara til Brighton 19. – 24. apríl. Tengiliður leikskólans við Kristínu Wallis var Kristín aðstoðarleikskólástjóri. Fljótlega kom í ljós að mikill áhugi var á ferðinni og skráðu sig 29 starfsmenn til leiks.

Þann 19. apríl 2023 hélt hópur 27 starfsmanna leikskólans Björtuhlíðar í námsferð til Brighton. Tveir starfsmenn komust því miður ekki með vegna veikinda. Flogið var í morgunflugi til Gatwick flugvallar og lent um hádegi. Kristín tók á mót okkur með rútu og hópurinn hélt beint af stað, til Forest school



sem staddur er í Wilderness Woods, á fyrsta námskeið ferðarinnar. Hugmyndafræði Forest school kemur upprunalega frá Norðurlöndum. Markmið okkar með því að velja Forrest school var til að efla hópinn í útikennslu og fá hugmyndir að verkefnum. Við lærðum m.a. að kveikja eld og halda honum á lífi, hita vatn, vinna að listsköpun úr fjölbreyttum náttúruvefnið og að nýta viðjugreinar til að búa til og flétta skýli.



Markmið með útinámi í Forest School er að efla:

- Sjálfstraust og sjálfsálit
- Samskipti, félagsfærni og líkamleg færni
- Skilning og meðvitund um náttúrulegt umhverfi
- Hvatning og jákvætt viðhorf til náms
- Hæfni til að þekkja og stjórna áhættu
- Ábyrgð sjálfstæði og sjálfstraust til að hefja eigin leik og nám
- Heilbrigðan lífsstíl



<http://www.wildernesswood.org/about/> <http://lucyslitttleforestschool.com>

Þann 20.apríl fórum við með rútu til Coes Farm. Við fengum dásamlega ferð um gullfallegar sveitir suður Bretlands þar sem við vorum svo heppin að bílstjórinn villtist lítilega. Við komuna tók Martin Pace, fyrrverandi eigandi Reflections Nursery skólans á móti okkur. Martin Pace sagði okkur frá skólanum og því starfi sem þar fór fram. Martin var með fyrirlestur um Reggio hugmyndafræðina og fengum við innsýn í úr hvaða grunni hún er sprottin. Mikil áhersla er á að fylgja hugmyndum barna, valdefla þau og skapa

lærdómssamfélag þar sem sköpun er í hávegum höfð. Teresa Grimaldi, fyrrverandi kennari við skólann sagði okkur svo frá verkefnum og skráningum sem hún hafði unnið með börnum í anda Reggio hugmyndafræðinnar.



<https://www.instagram.com/coesfarm/?hl=en>

21.apríl Storytelling – frásagnargleði og sögugerð er námskeið sem haldið er af Jamie Crawford. Námskeiðið var haldið í Friends Meeting House, sem er í göngufæri frá hótelinu okkar. Markmið námskeiðsins var að efla starfsfólk í að segja sögur á lifandi og fjölbreyttan máta. Starfsmenn lærðu að nýta alls konar handa hreyfingar, tilbrigði og raddbeitingu þegar þeir segja sögur. Frásagnargleði með börnum er listform sem gott er að nýta í starfi með börnum til að halda athygli þeirra og vekja áhuga. Einnig er hægt að leyfa börnum að koma með tillögur inn í sögurnar og hafa áhrif á framvinduna. Sögugerð með börnum örvar málþroska, eykur orðaforða, orðnotkun og hugtakaskilning. Þátttakendur á námskeiðinu tóku virkan þátt sem gerði námskeiðið afar skemmtilegt og lærdómsríkt.



<https://www.jamiecrawfordstorytelling.com>

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfsskóli Björtuhlíðar er Hlíðaskóli. Skólarnir eru með þrjá skipulagsdaga á ári sem eru hafðir á sama tíma til hagræðis fyrir foreldra sem eru með börn á báðum skólastigum.

Samstarf leikskólans, fyrsta bekkjar Hlíðaskóla og frístundaheimilis Hlíðaskóla hefur verið eins og hér segir:

- Börn frá Björtuhlíð heimsækja Hlíðaskóla, taka þátt í kennslustund og nestistíma í 1. bekk.
- Börnum í Björtuhlíð er sýndur Hlíðaskóli
- Börnum í Björtuhlíð er boðið á leikssýningu í Hlíðaskóla.
- Börn heimsækja frístundamiðstöð Hlíðaskóla tvisvar á vormánuðum.



Í maí funda deildstjórar elstu barnanna með kennurum og sérkennslustjóra væntanlegra nemenda, þar sem afhentar eru upplýsingar um nemendur til grunnskóla. Upplýsingar frá leikskólanum eru m.a. niðurstöður úr Hljóm-prófi og greiningar sem kunna að liggja fyrir.

8 Foreldrasamvinna

Þann 3. október 2022 var haldin foreldrafundur í Björtuhlíð í Stakkahlíð. Á fundinum voru kosnir þrír nýir fulltrúar í foreldraráð. Haldnir hafa verið 2 fundir á skólaárinu.

Á sama fundi var haldin aðalfundur foreldrafélags Björtuhlíðar. Kosnir voru fimm nýir fulltrúar í stjórn. Starfsemin var endurvakin en félagið starfaði ekkert í tvö ár vegna Covid 19.

Foreldrafélagið sá um jólaball ljósmyndatöku og skemmtun, leikssýningu á sumarhátíð 9. júní 2023.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar verða :

21. ágúst 2023 sameiginlegur skipulagsdagur í leikskólunum

29.september 2023 sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla (Menntakvikudagur)

24. nóvember

26. janúar

2. apríl 2024 sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla (skipulagsdagur eftir páska)

17. maí 2024 (Sameiginlegur skipulagsdagur í borginni allri)



ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 S	2 F	2 S	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 S	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 M	10 M	10 M
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 L	12 S	12 M	12 M	12 F
13 S	13 M	13 Þ	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 L	13 M	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ	15 S	15 Þ	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 M	15 M
16 M	16 L	16 F	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 S	16 S	16 Þ
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 F	17 F	17 M	17 M
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 L	19 F	19 S	19 M	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 S	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 L	25 M	25 M	25 L	25 F	25 M	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 S	27 M	27 F	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F	28 L	28 F	28 Þ	28 F	28 S	28 F	28 M	28 S	28 F	28 S
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 M	30 F	30 F	30 S	30 Þ
31 F		31 Þ		31 S	31 M		31 S		31 F		31 M

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Starfsáætlun 2023 – 2024 Bjartahlíð

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Guðrún Hildur Ragnarsdóttir

Jón Hjörtur Brjánsson

Sigríður Eyrún Friðriksdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



